**144. löggjafarþing 2014–2015.**
**Þingskjal 797 — 1. mál.**
**3. umræða.**

# Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| 1. Við **09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir** | | | |
| a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar | 159,0 | -15,0 | 144,0 |
| b. *Greitt úr ríkissjóði* | *159,0* | *-15,0* | *144,0* |
| 2. Við **14-212 Vatnajökulsþjóðgarður** | | | |
| a. 6.41 Framkvæmdir | 108,2 | 15,0 | 123,2 |
| b. *Greitt úr ríkissjóði* | *387,5* | *15,0* | *402,5* |

Greinargerð.

Gerð er tillaga um 15 millj. kr. tímabundna millifærslu, af liðnum 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir á liðinn 14-212 Vatnajökulsþjóðgarður, til framkvæmda við gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Verkefnið hefur verið í undirbúningi frá því að haldin var hönnunarsamkeppni árið 2008 um fjórar nýjar gestastofur fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, eina á hverju rekstrarsvæði. Af þeim hefur ein þegar verið byggð, þ.e. Snæfellsstofa á Skriðuklaustri. Nú er miðað við að draga úr kostnaði við framkvæmdir frá því sem áður var áætlað með því að minnka umfang byggingarinnar á Kirkjubæjarklaustri og nýta samlegðaráhrif frá öðrum byggingum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við verkið verði boðnar út á árinu. Í tengslum við framkvæmdirnar er gert ráð fyrir að fjárveitingar til verkefnisins í heild verði endurmetnar fyrir gerð frumvarps til fjáraukalaga á næsta ári.